



## Skólanámskrá Lágafellsskóla 2011-2012

### 4. bekkur


#### Efnisyfirlit

Íslenska .....	2
Stærðfræði .....	5
Enska .....	8
Samfélagsfræði .....	9
Landafræði .....	11
Náttúrufræði .....	13
Kristin fræði og trúarbragðafræði .....	14
Lífsleikni .....	15
Dans .....	16
Heimilisfræði .....	17
Hönnun og smíði .....	18
Myndmennt .....	19
Skák .....	20
Textíl .....	21
Tónmennt .....	22
Upplýsingamennt .....	23
Skólaíþróttir .....	24
Skólasund .....	25

## Íslenska

### Kennslutími

Fimm kennslustundir á viku ásamt þremur kennslustundum í PALS lestrarþjálfun hálfan veturinn.



### Markmið

#### Bókmenntir

##### Að nemandi

- kannist við verk nokkurra íslenskra rithöfunda
- fái fjölbreytt tækifæri til að lesa sér til fróðleiks og skemmtunar miðað við lestrargetu og áhuga
- þekki og geti notað hugtök eins og persóna, söguhetja, söguþráður, rím og sögulok
- þjálfist í að ræða um bókmenntaverk sem hann hefur hlustað á og/eða lesið
- hlusti á upplestur á sögum, leiktextum og ljóðum, bæði hefðbundnum og óhefðbundnum
- læri utanbókar vísur og ljóð til söngs og annars munnlegs flutnings
- geti lesið sögur, ævintýri, þjóðsögur, dæmisögur, gamansögur og stuttar bækur
- þjálfist í að fá bækur að láni á skólasafni

#### Hlustun og áhorf

##### Að nemandi

- hlusti á upplestur á sögum og ljóðum, bæði sem kennari les og af bandi
- geti svarað spurningum varðandi efni sem hann hefur hlustað á
- fylgist með umræðum, taki þátt í þeim og nái að einbeita sér í töluverðan tíma
- horfi á fræðslu- og skemmtiefni með athygli og vinni úr upplýsingum sem þar koma fram
- geti endursagt efni sem hann hefur hlustað eða horft á
- geti farið eftir munnlegum fyrirmælum kennara
- fari í leiki sem gera kröfur um að hlustað sé á munnleg fyrirmæli með athygli

#### Lestur

##### Að nemandi

- hafi greiðan aðgang að fræðibókum og handbókum, bæði í kennslustofu og á skólasafni og noti þær til upplýsingaöflunar
- auki orðaforða sinn, málskilning og lesskilning með fjölbreyttum verkefnum
- þjálfist í lestri á skólasafni
- hafi aðgang að margvíslegu fræðsluefni á tölvutæku formi og á Netinu
- geti gert munnlega og skriflega grein fyrir efni sem hann hefur lesið
- nái tókum á því að lesa fyrirmæli og fara eftir þeim
- geti nýtt sér helstu lestrarmerki
- geti lesið upphátt, á viðunandi hraða, skýrt og áheyrilega
- velji sér bækur af skólasafni til að lesa sér til ánægju

#### Málfræði

##### Að nemandi

- þekki hugtökin samheiti og andheiti
- þekki mun samnafna og sérnafna og geti nýtt sér þá þekkingu við stafsetningu
- geri sér grein fyrir muninum á orðflokkunum nafnorð, sagnorð og lýsingarorð

- geri sér grein fyrir nútíð og þátíð sagna
- geri sér grein fyrir stigbreytingu lýsingarorða
- þekki mun sérhljóða og samhljóða
- þjálfist í að búa til samsett orð
- læri að greina kyn nafnorða og eintölu og fleirtölu
- fái tækifæri til að beita móðurmálinu á fjölbreyttan hátt í leikjum, t.d. í rími, orðaleikjum og krossgátum og nýti sér algeng málfræðihugtök í því skyni
- vinni með algeng orðtök og málshætti
- átti sig fallbeygingu nafnorða, bæði eintölu og fleirtölu

## Ritun

### Að nemandi

- hafi náð góðum skriftarhraða
- geti skrifað tengda skrift eftir forskrift
- semji sögur með atburðarás og yrki ljóð og skrifi sjálfur
- geti skráð lengri frásagnir um atburði úr eigin lífi
- geti lýst hlutum og athöfnum í rituðu máli
- geri sér grein fyrir hugtökum eins og upphaf, miðja og endir í frásögnum
- þjálfist í að stafsetja rétt með fjölbreyttum verkefnum með áherslu á samfellt mál
- þjálfist í að skrifa póstkort og sendibréf
- leggi sig fram um að skrifa skýrt og greinilega og vandi allan frágang
- geti notað skriftargerðina sem honum hefur verið kennd í frjálsri ritun
- læri að fara eftir stafsetningarreglum, t.d. n- og nn-reglunni og reglum um stóran og lítinn staf í sérnöfnum og samnöfnum
- geti skrifað einfaldan texta eftir upplestri
- læri að greina aðalatriði í texta
- þjálfist í að gera útdrætti og skrá efni munnlegra og/eða skriflegra frásagna
- geti skráð framvindu og niðurstöður í verkefnum sem hann hefur unnið, t.d. í samfélagsgreinum og náttúrufræði

## Talað mál og framsögn

### Að nemandi

- þjálfist í að tjá sig frammi fyrir bekkjarfélögum sínum
- vinni verkefni sem gera kröfur um að hann tjái sig munnlega
- geti greint munnlega frá eigin reynslu, t.d. eftirminnilegum atburðum
- geti endursagt sögur, frásagnir, ævintýri, skopsögur og kvikmyndir
- ræði við bekkjarfélaga sína, t.d. þegar upp koma vandamál og reyni að komast að sameiginlegri niðurstöðu
- kynni vinnu sína fyrir bekkjarfélögum og jafnvel stærri hópi, t.d. foreldrum og öðrum skólafélögum og geti sagt skipulega frá verkefnum sem hann hefur unnið
- þjálfist í að lesa upphátt sögur og ljóð með réttum áherslum og hrynjanda
- þjálfist í að flytja stuttar undirbúnar frásagnir
- geri sér grein fyrir þeim reglum sem gilda þegar margir þurfa að tjá sig í einu og fari eftir þeim
- geti talað skýrt og áheyrilega við ýmis tækifæri
- þjálfist í að syngja ýmsa algenga íslenska söngva og taki þátt í fjöldasöng

### **Námsgögn**

Ýmsar lestrarbækur og vinnubækur, skáldsögur og fræðibækur. Vefurinn hennar Karlottu og Blái hnötturinn. Ljóðsprotar, hljóð-snældur og annað tilfallandi ítarefni. Ritrún 3, Skrift 4 og 5, Allt getur gerst, Loftur og gullfuglarnir, Lukkudýrið, Sögusteinn, ásamt ýmsum vinnubókum og ljósritum.

### **Kennsluhættir**

Íslenskan er að mestu kennd í íslenskuhópum. Kennsluaðferðir eru fjölbreyttar, lögð er áhersla á skýran lestur, tjáningu, utanbókar-nám, para- og hópavinnu, sjálfstæð vinnubrögð, umræður um viðfangsefni og vandaðan frágang.

### **Námsmat**

Nemendur eru prófaðir í lestri í lok anna. Einnig eru þeir nemendur sem þurfa stuðning í lestri prófaðir reglulega. Námsmat í íslensku byggist á símati, vinnubókum og könnunum í málfræði, stafsetningu, lesskilningi, skrift og ritun.


### **Heimanám**

Nemendur lesa heima daglega. Nemendur þjálfa vikulega íslensku með fjölbreyttum heimaverkefnum.

## Stærðfræði

### Kennslutími

Fimm kennslustundir á viku.



### Markmið

#### Hlutföll og prósentur

Að nemendur

- skoði mynstur í myndum og vinni með þau, t.d. stækki upp hluta mynsturs eða bæti við mynstur
- stækki eða smækki flatarmyndir, t.d. á pinnabretti eða myndvarpa, og ræði um hvað varðveitist við stækkunina/smækkunina og hvað ekki
- skipti ákveðinni lengd í 2 eða fleiri hluta og ræði um hluta af heild og jafnan hlut

#### Lausnir verkefna og þrauta

Að nemendur

- kynnist aðferðum til að takast á við flókin verkefni, s.s. setja á svið, reyna við einfaldara verkefni, leita að mynstri
- leysi þrautir þar sem beita þarf útreikningum til að leysa vandamál
- vinni með tölvuforrit þar sem leysa þarf þrautir

#### Mynstur og algebra

Að nemendur

- leysi einföld dæmi þar sem eyður eru notaðar til að tákna óþekkta stærð í jöfnu
- kynnist notkun bókstafa fyrir tölur, t.d. með því að gera tölur yfir  $n$ ,  $n+1$ ,  $n+n$  o.s.frv. fyrir mismunandi gildi á  $n$
- sannreyni að þegar sömu stærð er bætt við báðar hliðar jafnaðarmerkis gildir jafnaðarmerkið áfram

#### Reikniaðgerðir, reiknikunnátta og mat

Að nemendur

- námundi tölur að næsta heila tug eða hundraði
- noti þekkingu á tugakerfinu við lausn dæma og við hugarreikning
- reikni dæmi með háum tölum, t.d. niðurstöður rannsókna og kannana og velji sér heppilegt hjálpartæki til útreikninga
- noti talnalínu og/eða vasareikni til að skoða andhverfar aðgerðir, t.d. margföldun og deilingu
- skoði mynstur í margföldunartöflum og beri saman mynstur sem myndast í mismunandi töflum
- þekki og skilji margföldunartöflurnar 0-11
- leysi verkefni úr daglegu umhverfi sínu þar sem þarf að leggja saman, draga frá, margfalda eða deila til að finna lausn

#### Rúmfræði

Að nemendur

- teikni flatarmyndir, s.s. þríhyrninga og rétthyrninga, og noti hugtökin punktur, hlið, horn o.s.frv. rétt
- þekki rétt horn, hvöss og gleið og þekki þau í sínu umhverfi
- beri saman flatarmál rétthyrninga og margföldun tveggja talna

- mæli yfirborð hluta með því að nota mismunandi mælitæki, t.d. rúðunet eða einingarkubba
- fylgi leið á korti eftir leiðbeiningum og leiti að stöðum á landakorti út frá upplýsingum um staðsetningu
- hliðri flatarmyndum, t.d. á pinnabretti eða rúðuneti
- þekki speglunarás og geti speglað flatarmyndum

### Röksamhengi og röksemdarfærslun

#### Að nemendur

- fari í leiki og spil sem reyna m.a. á talnavinnu, rúmfræði, rökhugsun og hugkvæmni
- temji sér að nota þekktar staðreyndir til að álykta út frá

### Stærðfræði og tungumál

#### Að nemendur

- taki þátt í umræðum um stærðfræðileg efni og þjálfist í að spyrja spurninga til að öðlast betri skilning á þeim
- semji sögur um stærðfræðileg verkefni og sýni hvernig þau geta verið spröttin úr ólíku samhengi
- noti stærðfræðileg hugtök til að lýsa hlutum eða fyrirbrigðum, t.d. leikföngum, hlutum úr umhverfinu eða rökkubbum

### Tengsl við daglegt líf og önnur svið

#### Að nemendur

- vinni með tímareikninga, tímaáætlanir og lesi úr einföldum töflum, t.d. áætlanatöflum almenningsfarartækja til að finna út hvenær farartækið er á ákveðnum stöðum og hve langan tíma tekur að fara milli staða
- vinni með staðaleiningarnar m og cm, l og dl og g og kg

### Tölur

#### Að nemendur

- skrái háar tölur og brot í tengslum við mælingar og útreikninga
- skoði hvernig mynstur er hægt að mynda með mismunandi fjölda (Hvað er hægt að raða fjórum kubbum á marga mismunandi vegu? En fimm kubbum?)
- fáist við skiptingu þar sem afgangur verður (Hvaða tala gefur 1 í afgang þegar henni er skipt í 2, 3 og 5 hluta?)

### Námsgögn

Sproti, nemendabók og æfingabók 3a, 3b, 4a og 4b, Við stefnum á margföldun, Við stefnum á deilingu, Í undirdjúpunum deiling, Vasareiknir 3, 4 og 5, námsspil, kort auk tilfallandi ítarefnis.

### Kennsluhættir

Kennsla fer fram í hópum þar sem fimmti kennari kemur inn. Lögð verður áhersla á fjölbreyttar kennsluaðferðir sem miða að því að efla sjálfstæði og frumkvæði nemenda við lausnir viðfangsefna.

### Námsmat

Kannanir verða lagðar reglulega fyrir nemendur og þannig fylgst með framvindu náms.

## **Heimanám**

Heimavinna í stærðfræði er einu sinni í viku. Einnig geta nemendur þurft að ljúka einstökum verkefnum heima.

## Enska

### Kennslutími

Ein kennslustund á viku.



### Markmið

Að nemandi

- kynnist ensku talmáli
- læri að nota einfaldar samskiptareglur, þ.e. geti kynnt sig, heilsað/kvatt, boðið góðan daginn/góða nótt og þakkað fyrir sig
- læri mánuðina og árstíðir
- læri að telja upp að tuttugu
- þekki tugina
- þekki heiti grunnlita og grunnforma
- læri nokkur af helstu lýsingarorðum
- þekki orð sem notuð eru um fjölskyldutengsl
- þekki algengustu dýraheiti
- þekki heiti algengustu hluta sem notaðir eru á heimili og í skóla
- þekki heiti ytri líkamshluta
- þekki heiti á fatnaði
- þekki orð sem notuð eru um tilfinningar
- læri söngva og rím

### Námsgögn

Right on, Work out, Speak out, geisladiskar, margmiðlunarefni, myndbönd og ýmis tilfallandi verkefni.

### Kennsluhættir

Lögð er áhersla á fjölbreytta kennsluhætti svo sem verklegar æfingar, samræðu- aðferðir, sköpun, námsleiki og spil, hópavinnu, tölvur og upplýsingatækni.

## Samfélagsfræði

### Kennslutími

Samfélags- og náttúrufræðigreinar samtals fjórar kennslustundir á viku.



### Markmið

#### Innlifun og víðsýni

Að nemandi

- fái innsýn í söguna gegnum ljósmyndir, kvikmyndir, tölvuleiki og með heimsókn á minjasafn

#### Land og þjóð

Að nemandi

- þekki íslenskar þjóðsögur og lesi úr þeim fróðleik um íslenska þjóðtrú og þjóðhætti fyrr á öldum
- þekki nokkrar valdar persónur og atburði í Íslendingasögunum
- þekki nokkrar valdar persónur og atburði í sögu þjóðarinnar
- geti borið saman það sem er líkt/ólíkt, t.d. í húsakosti, klæðaburði, mataræði, heimilislífi, menntun, leikjum barna, siðum og venjum, nú og á öðru tímasteiði, t.d. á síðustu öld

### Rýni

Að nemandi

- öðlist skilning á gildi bókarinnar sem fróðleiksbrunnis í sögu, læri á uppbyggingu bókar, efnisyfirlit, atriðisorðaskrá og ráði við að finna bók á bókasafni

### Sjálfsmynd og félagslegt umhverfi

Að nemandi

- beri saman fjölskyldulíf hér á landi nú við það sem gerist annars staðar og á öðru tímasteiði sögunnar

### Skóli og heimabyggð

Að nemandi

- þekki fáein atriði íslenskrar skólasögu, svo sem heimafræðslu, farskóla og heimavistarskóla
- þekki til nokkurra atriða í þróun heimabyggðar, t.d. byggingaframkvæmda og fleiri manngerðra breytinga á umhverfinu

### Tími

Að nemandi

- geri sér grein fyrir að sögunni er skipt niður í tímabil, t.d. steinöld, fornöld, landnámsöld og miðaldir og læri tímatalstáknin f.Kr. og e.Kr.

### Túlkun og tjáning

Að nemandi

- komi sögukunnáttu sinni á framfæri munnlega og skriflega, í leik, myndsköpun, söng, tónlist og/eða leikrænni tjáningu við bekkjarfélaga, foreldra eða aðra

### Námsgögn

Komdu og skoðuðu landnámið, Lífið fyrr og nú, Litlu landnemarnir, Komdu og skoðuðu sögu mannkynsins, Ísland áður fyrr og annað ítarefni.

### **Kennsluhættir**

Lögð verður áhersla á fjölbreyttar kennsluaðferðir. Nemendur vinna vinnubækur og ýmis sameiginleg hópaverkefni.

### **Námsmat**

Reglulega er fylgst með framvindu náms með ýmsum hætti.

### **Heimanám**

Ekki er gert ráð fyrir heimavinnu en nemendur gætu þurft að ljúka einstaka verkefni heima.

## Landafræði



### Kennslutími

Samélags- og náttúrufræðigreinar samtals fjórar kennslustundir á viku.

### Markmið

Að nemandi

- kunnir skil á loftmyndum og hefðbundnum staðfræðikortum
- átti sig á hvernig kort eru búin til á grunni upplýsinga af loftmyndum
- læri að nota kort af nánasta umhverfi sínu til að komast leiðar sinnar, t.d. í ratleik
- átti sig á hvaða öfl hafa mótað umhverfi hans og geta rætt á hvern hátt unnt væri að bæta það
- þekki dæmi um hvernig land er notað á mismunandi vegu
- þekki áhrif árstíðaskipta og veðurs á daglegt líf fólks
- þekki helstu tákni sem notuð eru í veðurlýsingum
- þekki mánaðafjölda í ári, dagafjölda í mánuði og klukkustundir í sólarhring
- geti útskýrt dægraskipti og hvað veldur þeim
- átti sig á hvernig halli jarðmönduls og ferð jarðar á braut umhverfis sólu veldur árstíðaskiptum
- fylgist með og geti gert grein fyrir fréttum af umheiminum, t.d. fréttum af náttúruhamförum og tengt þær almennri umfjöllun landafræðinnar
- læri að nota efnisyfirlit og atriðisorðaskrá í kortabókum til að finna tiltekna upplýsingar
- afli einfaldra upplýsinga eins og hvert nemendur í bekknum fóru í sumar og setji fram á myndrænan hátt, t.d. með einföldu súluriti
- átti sig á megineinkennum landslags af korti, t.d. með hvaða litum láglandi og hálendi er oftast táknað á landakorti
- átti sig á að flest heimili eru hluti af ákveðinni byggð sem getur haft ólík einkenni, s.s. þéttbýli, dreifbýli, sjávarbyggð og uppsveitir
- þekki á Íslandskorti hvar hann á heima
- kannist við í sjón og þekki hugtök yfir landform eins og flói, fjörður, vík og skagi
- kanni og útskýri af hverju er þéttbýlt á sumum stöðum en ekki öðrum
- kannist við helstu jarðhræringar sem verða á Íslandi, s.s. eldgos og jarðskjálfta

### Námsgögn

Ísland landið okkar, Komdu og skoðuðu landakort, Íslandskort, Kostuleg kort og gröf, kortabækur. Ítarefni á borð við Land og líf, Landshorna á milli.

### Kennsluhættir

Lögð verður áhersla á fjölbreyttar kennsluáferðir. Unnin verða einstaklings- og hópaverkefni og farið verður í vettvangsferðir.

### Námsmat

Námsmat byggist á símati, vinnuframlagi í tímum og vinnubókum.

## **Heimanám**

Ekki er gert ráð fyrir heimavinnu en til þess getur komið að nemandi þurfi að klára einstaka verkefni í vinnubók/safnmöppu.

## Náttúrufræði

### Kennslutími

Samfélags- og náttúrufræðigreinar samtals fjórar kennslustundir á viku.



### Markmið

Að nemandi

- læri að njóta náttúrunnar og skynji fjölbreytileika og fegurð hennar
- læri að bera virðingu fyrir náttúrunni og vilji vernda hana
- læri að afla sér þekkingar á náttúrunni, bæði með beinum athugunum og með hjálp gagna
- þjálfist í að vinna saman og ræða skipulega um viðfangsefni námsins auk þess að vinna einir
- veiti veðurfyrirbærum athygli og læri nokkuð um eðli þeirra
- læri að þekkja lífverur af ólíkum búsvæðum og læri um atferli, vöxt og æxlun
- átti sig á hreyfingu jarðar umhverfis sólu og að það veldur árstíðaskiptum
- geri sér grein fyrir því hvaða breytingar í náttúrunni má tengja árstíðaskiptum og hvernig, t.d. snjókomu, vorkomu, vöxt plantna og lauffall
- ræði hvað verður um laufblöð og dauðar lífverur í náttúrunni
- athugi hvaða áhrif snjór hefur á gróður
- þekki og geti nafngreint helstu fugla í heimabyggð
- ræði og athugi hvernig lífverur, t.d. snjótittlingar lifa af veturinn á Íslandi

### Námsgögn

Náttúran allan ársins hring. Alfræðibækur, fuglabækur og annað ítarefni.

### Kennsluhættir

Lögð verður áhersla á fjölbreyttar kennsluáferðir. Unnin verða einstaklings- og hópaverkefni og farið verður í vettvangsferðir.

### Námsmat

Námsmat byggist á símati, vinnuframlagi í tímum og vinnubókum auk könnunar í lokin þar sem notast má við námsbók.

### Heimanám

Ekki er gert ráð fyrir heimavinnu en til þess getur komið að nemandi þurfi að klára einstaka verkefni í vinnubók/safnmöppu.

## Kristin fræði og trúarbragðafræði

### Kennslutími

Ein kennslustund á viku.



### Markmið

Að nemandi

- þekki aðdragandann að fæðingu Jesú, svo sem frásögunar af fæðingu Jóhannesar skírara, boðun Maríu og jólaguðspjall Lúkasar
- þekki sögu adventukransins og jólatrésins, táknræna merkingu og siði tengda þeim
- kynnist enn frekar frásögum úr Nýja testamentinu, m.a. frásögunum af skírn Jesú, brúðkaupinu í Kana, ekkjunni í Nain, lækningum Jesú á hvíldardegi, faríseanum og tollheimtumanninum, miskunnsama Samverjanum, ríka unglingnum og vakningu Lasarusar frá dauðum
- auki þekkingu sína á dauða og upprisu Jesú, t.d. með kynnum af frásögum af yfirheyrslunum yfir Jesú og dauðadómnum, sögunni af ferð kvennanna að gröfinni á páskadagsmorgni og þekki frásöguna af því þegar Jesús birtist lærisveinum sínum við Tíberíasarvatnið eftir upprisuna
- þekki frásöguna af atburðum hvítasunnudags og geri sér grein fyrir merkingu hans fyrir kristna kirkju
- kunni skil á kirkjuárinu, helstu hátíðum og merkingu ólíkra lita í helgihaldinu
- heimsæki kirkju og þekki nokkur trúarleg tákn og merkingu þeirra, kunni skil á guðspjónustunni og helstu kirkjulegum athöfnum svo sem skírn, fermingu, hjónavígslu og útför
- kynnist öðrum trúarbrögðum s.s. gyðingdómi, hindúatrú, búddasið og íslam
- læri að meta það sem vel er gert og öðlist hæfni til að hrósa og uppörva aðra

### Námsgögn

Birtan, Trúarbrögðin okkar, verkefnabækur, myndbönd auk tilfallandi ítarefnis.

### Kennsluhættir

Lögð verður áhersla á eins fjölbreyttar kennsluaðferðir og kostur er.

### Heimanám

Ekki er gert ráð fyrir heimavinnu nema undirbúningi fyrir námsmat.

## Lífsleikni

### Kennslutími

Ein kennslustund á viku.



### Markmið

Sjálfsþekking, samskipti, sköpun og lífsstíll

Að nemandi

- þekki grunnþarfir sínar og tilfinningar
- sé fær um að túlka mismunandi tilfinningar
- að nemandi læri að bera ábyrgð á eigin hegðun í samræmi við markmið uppbyggingarstefnunnar
- geti tamið sér jákvæða hegðun í námi og leik
- virði leikreglur í hópleikjum
- geti bent á og nefnt ýmsa þætti í umhverfinu sem hafa áhrif á líðan hans
- þjálfist í að tjá tilfinningar sínar, hugsanir og væntingar á ýmsan hátt, t.d. með orðum eða látbragði
- geti sett sig í spor deiluaðila og leitað sáttaleiða
- geti lýst þörfum einstaklinga við ýmsar aðstæður og hvernig hægt er að koma til móts við þær, t.d. klæðnaður miðað við aðstæður, næring út frá orkuþörf
- geti sett sig í spor ólíkra persóna til að finna samkennd með þeim, t.d. hippa, öldungi, barni, nýbúa, ljósmóður, kennara, fatlaðs manns og bónda

### Námsgögn

Uppbyggingarstefnan ásamt öðru ítarefni.

### Kennsluhættir

Kennsluaðferðir eru fjölbreyttar, áhersla er lögð á umræður, lausn þrauta og hópavinnu.

## Dans

### Kennslutími

Ein kennslustund á viku.



### Markmið

Að nemandi

- hlusti á tónlist með mismunandi tónfalli, hröð og hæg spor
- skilgreini dansstöðu/hald
- læri að bjóða upp í dans
- læri einföld dansspor í ólíkum dönsum s.s. samkvæmisdans, línudans og gömlu dansarnir
- viti hvenær og á hvaða slætti í tónlistinni er hægt er að hefja dansinn
- fái jákvæða upplifun með þátttöku í dans/leik að eigin vali eða vali hópsins
- taki þátt í dansi, æfingum og leikjum sem innihalda tjáningu af ýmsum toga
- læri að bera virðingu fyrir þörfum annarra og getu félaga sinna
- beiti sköpun og tjáningu til að þjálfa eigin dansstíl

Í öllum danstímum er lögð áhersla á dans og það að hreyfa sig í takt við tónlist, en einnig almenna kurteisi og tillitssemi.

### Námsgögn

Ýmsir dansar og lög við hæfi.

### Kennsluhættir

Sýnikennsla, bein kennsla, utanbókarnám, verklegar æfingar, sýningar, tjáning, sköpun, raunveruleg viðfangsefni, leikir, hópverkefni og sjálfstæð vinnubrögð.

### Námsmat

Hópsýning að vori fyrir aðstandendur nemenda.

## Heimilisfræði

### Kennslutími

Tvær kennslustundir, þrisvar í viku, í fimm vikur.



### Markmið

Að nemandi

- vinni með gleði og jákvæðu hugarfari
- þjálfist í verklegri vinnu
- læri að bera virðingu fyrir heimili og umhverfi
- temji sér góða umgengni og snyrtimennsku
- læri að samvinna og sameiginleg ábyrgð á heimili er mikilvæg
- verði sjálfstæður í vinnubrögðum og fari eftir einföldum uppskriftum
- læri að leggja fallega á borð, temji sér borðsiði og þjálfist í að nota hnífapör
- læri um helstu hættur á heimilum
- þjálfist í notkun rafmagnstækja
- læri um helstu korntegundir
- læri um mismunandi flokka örvera
- geri sér grein fyrir kostnaði og næringarinnihaldi drykkja
- fái grunnþekkingu á næringarefnum í fæðuhringnum
- læri að vinna í hóp, taki tillit til annarra og beri virðingu fyrir öðrum

### Námsgögn

Hollt og gott 3, námsefni í heimilisfræði fyrir 4. bekk og ýmis ljósrituð aukaverkefni.

### Kennsluhættir

Kennsla er að mestu leyti verkleg, en bókleg verkefni eru einnig unnin.

### Námsmat

Metin er framkoma, verklagni og vinnusemi nemanda eftir hverja kennslustund og skráð. Umsögn er gefin einu sinni á skólaárinu og er hún byggð á símatinu.

## Hönnun og smíði

### Kennslutími

Tvær kennslustundir, þrisvar í viku, í fimm vikur.



### Markmið

Nemandi

- hafi hannað og smíðað hlut út frá forskrift sem byggist á ákveðinni virkni, lausn, útliti eða þema
- þekki helstu yfirflokka verkfæra
- sýni ábyrga umgengni og fari eftir almennum reglum á smíðastofunni
- hafi rætt um lífssögu hluta og áhrif þeirra á vistkerfið og daglegt líf

### Námsgögn

Fjölrítuð verkefni, fagrit, handverkfæri og smíðaviður.

### Kennsluhættir

Verkefni lögð fyrir allan hópinn og fylgt eftir með einstaklingskennslu. Áhersla lögð á handbragð og góðan frágang.

### Námsmat


Umsögn er gefin einu sinni á skólaárinu þar sem eftirtalin atriði eru metin:

Hugmyndaauðgi, hönnun, umgengni, hegðun, verkfærni, vandvirkni, iðni og afköst.

## Myndmennt

### Kennslutími

Tvær kennslustundir, þrisvar í viku, í fimm vikur.



### Markmið

Nemandi

- þekki virkni ljóss og skugga í umhverfinu og geti tjáð uppgötvanir sínar á einfaldan hátt í eigin verkum
- beiti litafræði til að kalla fram ákveðin áhrif í mynd
- þekki hugtakið rými með áherslu á umhverfið, s.s. götur, torg og byggingar
- þekki hugtökin jákvætt og neikvætt rými og beiti þeim í myndgerð, s.s. þrykki og mótun
- vinni með rýmistilfinningu í myndgerð; áhersla er lögð á litafræði, einkum andstæða liti, ljós og skugga, heita og kalda liti
- þekki grunnformin og geti breytt tvívíðu formi í þrívítt form
- kynnist hellamálverkum og tilurð þeirra
- geti gengið frá verkefnum, eignum og áhöldum

### Námsgögn

Efni af vef, s.s. Listavefur krakka o.fl.

### Kennsluhættir

Innlögn, þar sem kennari útskýrir fyrir hópnum verkefni dagsins, einstaklingskennsla, hópvinna og umræður.

### Námsmat

Umsögn gefin einu sinni á skólaárinu þar sem metin eru vinnusemi, vinnubrögð og hegðun. Auk þess er gefið leiðsagnarmat um metnað, sjálfstæði, samstarfshæfni, frágang/vinnubrögð og virkni og vinnusemi.

## Skák

### Kennslutími

Ein kennslustund, þrisvar í viku, í tíu vikur.

### Markmið

Að nemandi

- læri mannganginn
- læri rökhugsun
- læri samvinnu
- læri kurteisi og ögun
- læri að njóta þeirrar ánægju sem skák getur veitt



### Námsgögn

Skákborð og taflmenn.

Tölva.

### Kennsluhættir

Áhersla verður á verklegar æfingar.

### Námsmat

Umsögn er gefin einu sinni á skólaárinu. Í umsögn er virkni, samvinna og hegðun metin.

## Textíl

### Kennslutími

Tvær kennslustundir, þrisvar í viku, í fimm vikur.



### Markmið

Að nemandi

- þekki hugtökin að fitja upp í prjóni
- prjóni garðaprjón
- þekki hugtökin að fella af í prjóni
- kynnist því að sauma prjónales og ganga frá endum í prjónalesi
- þjálfist í að sauma beina sauma á saumavél
- þjálfist í að þræða yfirtvinna á saumavél
- noti útsaum til skreytinga
- geti metið eigin textílverk og rökstutt matið
- læri að vinna í hóp, taki tilliti til annarra og beri virðingu fyrir öðrum

### Námsgögn

Hannyrðir í 3. – 6.bekk, Á prjónunum eftir Unni Breiðfjörð, valin verkefni úr bókinni „Hvernig á að sauma á saumavél“ og fjölrítað efni frá kennara. Ýmsar handverksbækur og fagtímarit eru tiltækar.

### Kennsluhættir

Verkefnin eru lögð fyrir allan hópinn, vinnuferlið útskýrt og fylgt eftir með einstaklingskennslu. Hópavinna og umræður. Áhersla er lögð á góða umgengni, framkomu og samvinnu í kennslustofunni auk þess sem brýnt er fyrir nemendum að temja sér vönduð vinnubrögð og góðan frágang.

### Námsmat

Umsögn er gefin einu sinni á skólaárinu þar sem eftirtalin atriði verða lögð til grundvallar: Vinnusemi og frágangur á verkefnum, áhugi/sjálfstæði og hegðun.

### Heimanám

Prjónaverkefni eru þess eðlis að ekki er unnt að ljúka þeim í kennslustund. Það er því nauðsynlegt að þeim fylgi heimavinna sem verður í samráði við kennara.

## Tónmennt

### Kennslutími

Tvær kennslustundir, þrisvar í viku, í fimm vikur.



### Markmið

Nemendur

- upplifi hinar ýmsu tegundir tónlistar á jákvæðan hátt
- syngi fjölbreytt sönglög og árstíðarbundin sönglög
- öðlist færni í flutningi á tónlist, lögum og stefnum eftir minni, heyrn og nótnatáknum
- þjálfist í taktskyni með púls og hrynæfingum
- læri tónlistarhugtök sbr. veikt, sterkt, háir og djúpir tónar, hratt, hægt o.s.frv. í gegnum söng, hljóðfæraleik og hreyfingu
- þekki og geti greint helstu hljóðfæraflokka og raddgerðir
- læri um Bach og Mozart
- læri að vinna í hóp, taki tillit til annara og beri virðingu fyrir öðrum

### Námsgögn

Tónmennt 3. hefti, námsefni tekið saman af kennara, ýmsar söngbækur, Það var lagið, hugmyndaefni í tónmennt og vinnublöð, geisladiskar, myndbönd og skólahljóðfærin (Orff hljóðfæri).

### Kennsluhættir

Nemendur syngja fjölbreytt sönglög og læra einfaldar útsetningar og þrástef, semja sjálf og spila á skólahljóðfærin. Nemendur hlusta á fjölbreytta tónlist og raddgerðir og læra um hljóðfærahópa og tónskáld. Nemendur semja tónlist eða hljóðverk við þulur. Hreyfing og tjáning eftir hljóðfalli, frjáls hreyfing, hreyfileikir og dansar. Slökun í lok hvers tíma við tónverk sem kennari hefur kynnt fyrir nemendum.

### Námsmat

Gefin er umsögn eftir virkni nemenda í tímum, vinnubók, áhuga og hegðun.

## Upplýsingamennt

### Kennslutími

Ein kennslustund, þrisvar í viku, í tíu vikur.



### Markmið

#### Tæknilæsi

Nemandi

- fái þjálfun í fingrasetningu á tölvu
- geti skeytt myndum inn í texta á tölvutæku formi
- geti brotið upp texta með myndum
- fái þjálfun í notkun forrita s.s. Word, Power Point
- fái þjálfun í að vista og sækja skjöl í tölvunni
- geti notað teikniforritið Paint

#### Upplýsingalæsi

Nemandi

- kynnist þeim möguleikum sem skólasafnið býður upp á til upplýsingaöflunar og vinnslu
- geti gert greinarmun á bókmenntatexta og fræðilegum texta
- læri reglur um uppröðun skáldrita
- kunnir að leita í léttum fræðibókum
- geti lesið einföld kort, gröf og töflur
- læri grunnatriði í heimildavinnu
- geti leitað eftir efnisorðum á Neti
- kynnist mismunandi tegundum bókmennta, s.s. ævintýri, þjóðsögur, ljóð, þulur, myndabækur, skáldsögur og teiknimyndasögur

### Námsgögn

Office forritin Word, Power Point og Paint. Kennsluforrit frá Námsgagnastofnun t.d. Talnaveiðar, Klukkan, Slönguspil, Snót og Snáði, Þrír í röð, Lestur og stafsetning, Ilmur og Internetið. Bækur og verkefni frá kennara. Forrit á Netinu.

### Kennsluhættir

Nemendur vinna viðamikil verkefni þar sem miklar kröfur eru gerðar til þeirra um góð og vönduð vinnubrögð og að þeir afli sér sjálfir þeirra upplýsinga sem þeir þarfnast úr hinum ýmsum miðlum sem við höfum yfir að ráða. Við verkefnavinnu er nemendum kennt að nota tölvutæknina til að létta sér störf.

### Námsmat

Nemendur fá umsögn þar sem metin er verkefnavinna, hegðun og vinnusemi.

## Skólaíþróttir

### Kennslutími

Tvær kennslustundir á viku.



### Markmið

Meginmarkmið með íþróttum og hreyfinámi í yngri bekkjum grunnskóla er fyrst og fremst að skapa áhuga fyrir íþróttum og hollri hreyfingu almennt, auka félagslegan þroska og hreyfifærni nemenda og kenna þeim að taka tillit til annarra í leik og starfi. Auk þessa er lögð áhersla á að auka færni, þrek og þol nemenda ýmist með æfingum eða leikjum. Einnig er kennt um gildi hollra lífshátta s.s. mataræðis, svefnnvenja, hreinlætis, hreyfingar o.fl. Enn fremur skal stefnt að því að auka skilning og hæfni nemenda á að fara eftir reglum og fyrirmælum.

### Námsgögn

Aðalnámskrá grunnskóla, íþróttir, líkams- og heilsurækt 2007.

### Kennsluaðferðir

Íþróttirnar skiptast í grófum dráttum niður í u.þ.b. 50% smáleiki á mótí öðrum íþróttagreinum s.s. bolta-, leikfimi- og fimleikaæfingum. Aðallega er um verklega kennslu í sal að ræða eða úti þegar það á við. Kennari kemur með innlögnum í upphafi tíma, útskýrir verkefni, gengur síðan á milli og leiðbeinir og hvetur.

### Námsmat

Notuð eru stöðluð próf sem hæfa þessum aldurshópi. Gefið er fyrir með umsögnum. Í 4. bekk eru gerðar aðeins meiri kröfur til barnanna en í 3. bekk en prófað í sömu atriðum ásamt því að tekið er staðlað þolpróf þrisvar sinnum yfir veturinn og besti árangur metinn til prófs. Í 4. bekk er prófað í eftirfarandi æfingum og niðurstöður hafðar til hliðsjónar við mat á færni nemenda:

- þolpróf (fjölþrepapróf – píptest)
- sippa (20 sinnum í röð)
- handstöðu við vegg (standa á höndum upp við vegg þannig að handstöðu sé nád)
- höfuðstöðu (staðið á höfði við vegg eða án stuðnings)
- kaðlaklifur (klifrað upp í ákveðna hæð)
- kasta og grípa (geta gripið og kastað bolta og sýnt rétta fótstöðu)
- knattrak (geta rakið körfubolta og sest á metisinbolta án þess að hætta knattraki)

Einnig eru gefnar eftirfarandi umsagnir fyrir virkni, hegðun og færni í tímum:

Vinnur mjög vel	Vinnur vel	Vinnur sæmilega	Nýtir tímann ekki vel
Hegðun mjög góð	Hegðun góð	Hegðun sæmileg	Hegðun ábótavant
Færni mjög góð	Færni góð	Þarfnast almennar hreyfipjálfunar	

Brýnt er að foreldrar/forráðamenn barna sendi smá orðsendingu á miða til íþróttakennara ef lasleiki eða annað hrjáir barnið og það er óskað eftir að það sleppi þátttöku í íþróttatímanum. Ef veikindi eru langvinn og leita þarf til læknis vinsamlega biðjið þá um vottorð.

## Skólasund

### Kennslutími

Ein kennslustund á viku.



### Markmið

Að nemandinn náí tókum á eftirfarandi atriðum sem reyna á öndun og takt arma og fóta og uppfylli þau getumarkmið sem 4. sundstigið segir til um en þau eru

- 25 m bringusund
- 12 m skólabaksund
- 12 m skriðsund, með eða án hjálpartækja
- 12 m baksund, með eða án hjálpartækja
- stunga úr kropstöðu af bakka eða stiga

Nemandinn efli styrk og þol með æfingum þar sem vatnið veitir mótstöðu gegn hreyfingunum.

Efla nemandann sem félagsveru, kenna honum að taka tillit til félaga sinna, vera sveigjanlegur í samskiptum og virða einstaklinginn.

Stefna að því að auka skilning og hæfni nemenda á að fara eftir reglum og fyrirmælum.

Að auka þekkingu og skilning nemenda á umhirðu líkamans fyrir og eftir sundiðkun.

Nemendur læri að umgangast sundstað á öruggan hátt. (Sjá nánari markmiðslýsingu í Aðalnámskrá Grunnskóla, íþróttir, líkams- og heilsurækt 1999.)

### Námsgögn

Stuðst er við eftirfarandi bækur: Skólasund (Kennarahandbók), Námsgagnamappa í skólasundi fyrir 1. – 10. bekk og Aðalnámskrá Grunnskóla, íþróttir, líkams- og heilsurækt 2007.

### Kennsluaðferðir

Í 4. bekk er megináhersla lögð á að nemendur taki þátt í æfingum sem tengja saman mismunandi sundhreyfingar, með eða án áhalds. Ýmsar æfingar sem efla líkamspól, kraft, hraða og viðbragð.

### Námsmat

Kannað er hvort nemandinn nær þeim markmiðum sem 4. sundstig segir til um (sjá hér að ofan).

Gefið er fyrir með umsögninni: 4. sundstigi lokið / 4. sundstigi ólokið.